



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Tryggingagjald og sjóðir tengdir vinnumarkaði

Samráð á vinnumarkaði


Sigurður H. Helgason 6. febrúar 2018

Forsendur og skipting tryggingagjalds

- Tryggingagjald hefur tvíþættan tilgang:
 - Að standa undir fjármögnun sjóða tengdum vinnumarkaði.
 - Að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga.
- Atvinnutryggingagjald (1,35%).
- Almennt tryggingagjald (5,90%):
 - *(Starfsendurhæfingarsjóðir (0,13%)).*
 - Jöfnunar og lækkun örorkubyrði lífeyrissjóða (0,325%).
 - Fæðingarorlofssjóður (0,65%).
- Það sem eftir stendur (4,86%) rennur til þess að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga.
- Auk þessa hvílir fjármögnun ábyrgðasjóðs launa á stofni tryggingagjalds (0,05%).




Hlutfall tryggingagjalds og skipting þess 2000-2018




Tekjur af tryggingagjaldi og skipting þeirra 2000-2018

(m.kr. verðlag 2018)



Tekjur af tryggingagjaldi sem hlutfall af VLF 2000-2018




Mat á stöðu og ráðstöfun tryggingagjalds

- Stærsti hluti tryggingagjalds er nýttur til að fjármagna:
 - Lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga.
 - Atvinnuleysisbætur.
 - Fæðingarorlof.
- Þrátt fyrir að hlutfall tryggingagjalds sé nú hærra en það var fyrir 2009:
 - Fer hlutfall fjármögnunar tryggingagjalds í lífeyris- og slysatryggingum lækkandi.
 - Munu tekjur atvinnuleysistryggingasjóðs við jafnaðaratvinnuleysi ekki standa undir hækkun atvinnuleysisbóta umfram árlegar reglubundnar hækkanir.
 - Standa tekjur fæðingarorlofssjóðs ekki undir núverandi útgjöldum og því síður undir frekari hækkun viðmiðunarfjárhæða og lengingu orlofsins.




Fjármögnun lífeyristrygginga 2005-2018



Þrátt fyrir að hlutfall almenns tryggingagjalds hafi hækkað um rúmlega 0,5% frá 2005 hefur hlutur þess í fjármögnun lífeyristrygginga fallið úr 72% í 57%.



Útgjöld til lífeyristrygginga og þáttur tryggingagjalds í fjármögnun á föstu verðlagi (m.kr. 2018)




Jafnaðaratvinnuleysi og sveiflujöfnun

- Atvinnutryggingarkerfið er mikilvægur sjálfvirkur sveiflujafnari ríkissjóðs:
 - Tekjurnar vaxa við góðar efnahagsaðstæður og útgjöldin lækka.
 - Tekjurnar dragast saman við lakar efnahagsaðstæður og útgjöldin hækka.
 - Út frá sjónarmiði hagstjórnar eru áhrif á afkomu jákvæð óháð hagsveiflunni.
- Til að sveiflujöfnunin virki þarf hlutfall atvinnutryggingagjalds að vera stöðugt yfir hagsveifluna:
 - Hækkun og lækkun gjaldsins miðað við atvinnuleysi hverju sinni vinnur gegn sjálfvirkri sveiflujöfnun og vinnur gegn markmiðum hagstjórnar.
 - Reyndin hefur verið sú að gjaldið fylgir atvinnuleysi (68% fylgni).



Hlutfall atvinnuþryggingagjalds og hagvaxtar 2000-2018



Atvinnuþryggingagjald á grunni jafnaðaratvinnuleysis

- Jafnaðaratvinnuleysi gæti verið um:
 - 3,4%, miðað við meðaltal áráanna 1990-2017.
 - 3,9%, miðað við meðaltal áráanna 2004-2017.
- Meðal skráð atvinnuleysi var 2,3% árið 2016 og kostnaður um 10,8 ma.kr.
- Tekjur af gjaldinu 2016 (1,35%) voru um 18 ma.kr. sem stendur undir 3,8% skráðu atvinnuleysi.
- Staða gjaldstofnsins var fremur sterk árið 2016 en hann er að jafnaði hlutfallslega veikari í hærra atvinnuleysi:
 - Áætla má að tekjur af atvinnuþryggingagjaldi gætu verið um 1-1,5 ma. lægri í efnahagslægð.



Atvinnuleysisbætur á öðrum Norðurlöndum

- Samburður er flókinn þar sem ólíkir hópar geta átt mismikil réttindi háð stöðu þeirra og atvinnuleysisbætur geta verið breytilegar eftir lengd atvinnuleysistímabils.
- Því verður að taka meðfylgjandi upplýsingum með fyrirvara.
- Hámarkstímabil atvinnuleysisbóta:
 - Ísland: 2½ ár, (30 mánuðir).
 - Danmörk: 2 ár, (24 mánuðir).
 - Noregur: 1-2 ár, (12-24 mánuðir).
 - Svíþjóð: 300-450 dagar (14-21 mánuðir).
- Fjárhæð atvinnuleysisbóta:
 - Ísland: Mest 70% af launum og að um 230-360 þús.kr. á mánuði.
 - Danmörk: Mest 90% af launum og að hámarki um 200-300 þús.kr. á mánuði.
 - Noregur: 62,4% af fyrri tekjum þó ekki hærri en um 600 þús.kr. á mánuði.
 - Svíþjóð: 70-80% af launum og að hámarki um 300-350 þús.kr. á mánuði.



Svigrúm til breytinga á gjaldi eða réttindum

- Ákvörðun jafnaðarhlutfalls atvinnuþryggingagjalds þarfnast ítarlegri greiningar.
- Í fljótu bragði virðist óraunhæft að miða minna en 3,5-4% atvinnuleysi.
- Ekki verður séð að svigrúm sé til lækkunar gjaldsins eða sérstakrar hækkunar bóta eigi núverandi hlutfall gjaldsins (1.35%) að standa undir jafnaðaratvinnuleysi og óbreyttu hámarkstímabili atvinnuleysisbóta.



Staða sjóða í fjárlögum

- Samkvæmt 50. gr. laga um opinber fjármál er „Flokkun á starfsemi ríkisins er gerð á grundvelli alþjóðlegs hagskýrslustaðals um opinber fjármál.“
- Starfsemi og verkefni ríkisins flokkast með eftirfarandi hætti:
 1. A-hluti. Til A-hluta telst starfsemi og verkefni sem eru einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.
 2. B-hluti. Til B-hluta teljast fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.
 3. C-hluti. Til C-hluta teljast sameignar- eða hlutafélög í meirihlutaeigu ríkisins. Til C-hlutans telst einnig Seðlabanki Íslands.



Sjóðirnir bera öll einkenni kjarnastarfsemi ríkisins

- Sjóðunum er komið á fót með lögum og ná til alls vinnumarkaðarins.
- Réttindi eru skilgreind með lögum og þeim má breyta með lögum.
- Réttindi myndast á grunni formskilyrða en ekki á grundvelli fjárhæðar iðgjalda sem eru merkt einstaklingum.
- Ákvörðun réttinda er stjórnvaldsákvörðun og verður að byggja á stjórnarsýslulögum og tryggja jafnræði.
- Fjármögnun með altækum lögpvinguðum tekjustofni án undanþága gagnvart aðilum sem ekki hafa möguleika eða áhuga á að nýta réttindi.
- Ríkissjóður ber fjárhagslega ábyrgð á sjóðunum óháð stöðu þeirra.
- Starfsemin lýtur lýðræðislegri stjórn og ábyrgðartengsl gagnvart Alþingi eru tryggð.



Breytt staða sjóðanna krefst breytinga á eðli þeirra

- Breytt staða er ekki möguleg nema að gerðar verði viðamiklar breytingar á eðli sjóðanna og þeir „viðskiptavæddir“.
- Altækum tekjustofni verði breytt í raunverulegt einstaklingsmerkt iðgjald.
- Tengsl verði milli einstaklingsmerkts iðgjalds og réttinda.
- Sjóðirnir innheimti iðgjald beint af launagreiðendum.
- Ríkisábyrgð á réttindum afnumin.
- Sjóðirnir fái einkaréttarlegt skipulagsform.

